

## Minnisblað fyrir fjölskylduráðsfund 01.04.2022

### Virkni- og atvinnuúrræði

27 einstaklingar skráðir í virkni.

6 í vinnu með atvinnustyrk

### Lengd í virkni

0-6 mánuði 12 skjólstæðingar

6- 12 mánuði. 10 skjólstæðingar

lengur en 12 mánuði. 5 skjólstæðingar

Þessir einstaklingar eru í atvinnuleit. Önnur virkni sem er í boði eru atvinnuleitar námskeið frá HH ráðgjöf og Starfsendurhæfingu Hafnarfjarðar.

### Helstu samstarfsaðilar

*Starfsendurhæfing Hafnarfjarðar:* eru með ítarlegt 5 vikna námskeið sem heitir Vinnusmiðja þar sem farið er vel í alla þætti atvinnuleitar, markþjálfun, áhugasviðsgreining og undirbúning starfs o.fl. Mikill áhugi að nýta meira þetta námskeið vegna góðs gengis. Erum einnig með 10 pláss í starfsendurhæfingu sem við höfum verið að nýta eins vel og hægt er.

*HH ráðgjöf:* Er með stutt námskeið sem við höfum verið að senda skjólstæðinga á. Kennir grunn í atvinnuleit, gerð ferilskrá, skráning og kennsla á alfred.is ásamt prufuviðtali. Reynum að senda alla nýja vinnufæra skjólstæðinga á námskeiðið.

*Vinnumálastofnun:* Síðustu ár hefur ekki verið mikið samstarf við Vinnumálastofnun vegna anna hjá stofnunni. Álagið er að komast í eðlilegt horf. Verið er að tengjast mismunandi deildum en miklar skipulags breytingar hafa orðið hjá VMST síðustu ár. Vinnumálastofnun þjónustar þó ekki einstaklinga sem eru á fjárhagsaðstoð eins og þau gerðu áður. Verið er að skoða hvernig hægt er að nýta þjónustu Vinnumálastofnunar meira eins og til dæmis þeir sem eru á hlutabótum.

### Framtíðarsýn

Síðasta ár hefur að mestu farið í það að koma í gagnið nýju virkni- og atvinnuúrræði. Fyrsta skrefið var að koma einhverri hreyfingu á hópinn og bjóða upp á störf við hæfi. Kom í ljós að margir voru ekki með ferilskrá, kunnu ekki að nota netsíður eins og alfred.is til að sækja um störf og stóðu sig illa í viðtölum. Skipti engu máli hvort viðkomandi hafi verið hjá okkur í einhvern tíma eða ný komnir frá Vinnumálastofnun. Var farið þá leið að finna námskeið sem hægt væri að bjóða upp á. Starfsendurhæfing Hafnarfjarðar og HH ráðgjöf stóðu upp úr. HH ráðgjöf með stutt og hnitmiðað námskeið og Starfsendurhæfingin með ítarlegra og lengra námskeið. Byrjuðum að senda þá sem voru búnir að vera lengi hjá okkur til starfsendurhæfingar og nýja til HH ráðgjöf. Það verklag hefur að mestu haldið sér. Núna sendum við alla nýja sem koma inn fyrst til HH ráðgjöf. Þá vitum við að viðkomandi er með grunnþekkingu í atvinnuleit. Þegar viðkomandi hefur síðan í lengst á fjárhagsaðstoð fer viðkomandi í vinnusmiðjuna hjá Starfsendurhæfingunni. Þetta verklag hefur virkað mjög vel, höfum séð einhverja hreyfingu eftir hvert námskeið sem hefur verið haldið. Einstaklingar að fara í vinnu eða í ljós kemur að viðkomandi þurfi frekari endurhæfingu.

Næstu skref er að kortleggja frekar hvar er þörf á breytingu í þjónustunni. Þannig búa til mismunandi þjónustuleiðir eftir þörfum skjólstæðinganna. Sem dæmi að einstaklingar sem tala hvorki íslensku né ensku standi til boða að fara á íslensku námskeið og virkni þeirra miðist út frá því.

Núna þegar gengið hefur vel að koma einstaklingum í vinnu þá situr eftir hópur fólks sem þarf meiri aðstoð, hvatningu og í sumum tilfellum sérstaka nálgun vinnuveitenda vegna til dæmis lélegra tungumálakunnáttu. Þetta er hópur sem kallar á meiri tíma en ella þar sem við viljum bjóða upp á fleiri viðtöl og ráðgjöf, skýrari stuðningsáætlun, bjóða upp á námskeið sem nýtist viðkomandi. Eins og til dæmis íslensku námskeið, sjálfsstyrkingar- og hvatninganámskeið.

Virkniráðgjafi

Brynjar Örn Svavarsson